

Eyðublaðið útfyllist með hástöfum

A Almennar upplýsingar

Nafn			Kennitala
Lögheimili	Póstnúmer og pósthöfuð	Virðisaukaskattsnúmer	
Sími	Tölvupóstfang		

B Afskráning

<input type="checkbox"/> Óskað er eftir afskráningu af launagreiðendaskrá	Dagsetning síðustu launagreiðslu (eftir atvikum áætluð)
<input type="checkbox"/> Óskað er eftir afskráningu af virðisaukaskattsskrá	Dagsetning rekstrarloka (eftir atvikum áætluð)
<input type="checkbox"/> Óskað er eftir afskráningu af gistináttaskattsskrá	Dagsetning rekstrarloka (eftir atvikum áætluð)

Rekstrarlok teljast vera þegar uppgjöri virðisaukaskatts vegna starfseminnar er lokið

C Starfsemi seld eða yfirtekin af öðrum aðila, í heild eða hluta

Skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, ber seljanda að tilkynna skattfyrirvöldum um eigendaskipti og söluandvirði eigna eigi síðar en átta dögum eftir að eignayfirfærsla fór fram. Samningur þarf að fylgja með og jafnframt samþykki nýs eiganda hafi hann yfirtekið leiðréttingarkvöð vegna innskatts.

Verðmæti birgða	kr.	Verðmæti rekstrarfjármuna	kr.
Verðmæti fasteigna	kr.	Yfirtekin leiðréttingarkvöð v/innskatts	kr.

Nafn og kennitala rekstraraðila sem yfirtekur starfsemi

D Rekstri hætt án kaupa eða yfirtöku annars aðila á rekstrinum eða hluta hans

Skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, telst sala eða afhending á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjárum til skattskyldrar veltu. Sama gildir um vörubirgðir, vélar og tæki og aðra rekstrarfjármuni þegar fyrirtæki tilkynnir sig út af virðisaukaskattsskrá, sbr. 1. mgr. 5. gr.

<input type="checkbox"/> Verðmæti eigna skv. 3. mgr. 11. gr.	kr.	(Sundurliðun fylgi)
--	-----	---------------------

Engar vörubirgðir, vélar, tæki eða aðrir rekstrarfjármunir eru eftir í rekstrinum

E Leiðrétting innskatts vegna breyttra forsendna

Skv. 12. gr. IV. kafla reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, skal leiðrétta innskatt vegna skattskyldrar starfsemi verði breyting á forsendum fyrir frádrætti innskatts vegna öflunar fasteigna. Einnig véla, tækja, áhaldna, innréttinga og annarra lausafjármuna sem rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur.

<input type="checkbox"/> Leiðrétting innskatts vegna breyttra forsendna	kr.	(Sundurliðun leiðréttingar þarf að fylgja)
<input type="checkbox"/> Leiðréttingaskylda yfirtekin af nýjum rekstraraðila (Þinglýst samþykki nýs rekstraraðila þar sem fram kemur fjárhæð leiðréttingaskyldu skal fylgja)		
<input type="checkbox"/> Leiðréttingaskylda ekki fyrir hendi eða hún fyrnd		

F Athugasemdir rekstraraðila

Undirritaður staðfestir að framangreindar upplýsingar eru gefnar eftir bestu vitund og að þær eru í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.

.....
Dagsetning

.....
Undirskrift og kennitala

Leiðbeiningar

Skattskyldur aðili skal tilkynna um breytingar á skattskyldri starfsemi sinni, þ.m.t. um lok starfseminnar, eigi síðar en átta dögum eftir að breyting hefur átt sér stað.

Staflíður A

Í þennan lið ber að tilgreina upplýsingar um nafn rekstraraðila, kennitölu, heimilisfang, póstnúmer og póststöð, virðisaukaskattsnúmer, símanúmer og tölvupóstfang. Áriðandi er að útfylla alla liði.

Staflíður B

Í þennan lið skal merkja við ef launagreiðslum er hætt og hvenær síðasta launagreiðsla var innt af hendi. Tilgreina skal dagsetningu rekstrarloka. Rekstrarlok einstaklingsrekstrar teljast m.a. vera þegar að uppgjöri virðisaukaskatts vegna starfseminnar er lokið og staðin hafa verið skil á virðisaukaskatti, útskatti af óseldum vörubirgðum, vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum sbr. 11. gr. laga nr. 50/1988. Rekstrarlok félaga teljast auk ofangreinds vera þegar að síðasti ársreikningur vegna rekstrarins liggur fyrir.

Staflíður C

Hafi rekstur verið seldur ber að tilkynna um það til skattstjóra og gera grein fyrir nafni og kennitölu kaupanda og andvirði seldra eða yfirtekinna vörubirgða, véla, tækja og annarra rekstrarfjármuna, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988. Söluandvirðið má ekki telja til skatt-

skyldrar veltu í þessum tilvikum. Ljósrit kaupsamnings þarf að fylgja tilkynningu og jafnframt þinglýst yfirlýsing kaupanda hafi hann yfirtekið leiðréttingarkvöð vegna innskatts, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, með síðari breytingum.

Staflíður D

Hafi starfsemi verið hætt án þess að rekstur hafi verið seldur ber þeim sem tilkynnir um lok virðisaukaskattsskylds rekstrar að standa skil á virðisaukaskatti, útskatti, af óseldum vörubirgðum, vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum sem eru í hans eigu við lok starfseminnar, sbr. 11. gr. laga nr. 50/1988, og er þá almennt gangverð lagt til grundvallar skattverðinu.

Staflíður E

Við lok starfsemi ber að leiðrétta, bakfæra, innskatt vegna óseldra véla, tækja, áhalda, innréttinga og annarra lausafjármuna og vegna fasteigna enda telst það breyting á forsendum fyrir frádrætti innskatts þegar virðisaukaskattsskyldum rekstri lýkur, sbr. 16. gr. sömu laga og IV. kafla reglugerðar nr. 192/1993 um innskatt. Hafi leiðréttingarskyldan verið yfirtekin af öðrum aðila þarf þinglýst yfirlýsing þess efnis frá nýjum eiganda að fylgja með tilkynningunni.

Staflíður F

Hér getur rekstraraðili tilgreint athugasemdir sínar, ef einhverjar eru.